



UM FRIDLÝSTAR MENNINGARMINJAR, SÉÐ FRÁ DJÁKNADYS

BÖNDVAARÐAN

*Að flyta sér að fara af baki
og fleygja steini
yfir djákna aldurhninginn
er það gæfa á ferðastiginn.*

Svona hefst ljóð um Djáknadýsina í Hamarfríði en ljóðið er að finna í bókinni Þjóðhættir og Þjóðtrú eftir Þórð Tomasson. Sagan segir að á þessum stað hafi djákninn á Hamri og presturinn á Hálsi barist vegna ósættis. Þeir hafi báðir verið vegnir og dysaðir á staðnum. Sú kvöld hvíll á þeim vegfarendum sem fram hjá fara að þeir þurfi að kasta steinvölu í dýsina, einu sinni fyrir hvorn, hund og hest, ef með voru, til að eiga góða vegferð. Dýsin er í dag strýtumyndur grjóthaugur um 2-5m há en nokkrar útgáfur virðast vera í gangi varðandi sögu dýsarinna. Það var svo árið 1964 að Kristján Eldjárn fríðlýsti dýsina en á þeim tíma voru ekki komin lög til vendar minja eins og eru í dag heldur var fríðlýsing sú leið sem farin var til að venda ákveðnar minjar sem þötu varðveisliverðar. Dýsin nýtur þar með æðstu vendar minjavörslunar enn þann dag í dag og í ár fékk Minjastofnun Íslands styrk til að afmarka dýsina og setja upp fræðsluskilti! En það er hlutverk stofnunarinnar að merkja fríðlýstar fornleifar en viðhald þeirra er á ábyrgð ríkisins.



Djúpavogshreppur er ríkur af fjölbreyttum menningarminum. Innan svæðisins er að finna bæði fríðlýst hús og fríðlýstar fornleifar en misskilningur verður gjarnan á því hver munurinn er á fríðlýstu og svo aldursfríðuðum minjum. Í stuttu máli á aldursfríðun við um þegar fornleifar, hús og mannvirki hafa náð hundrað ára aldri en þá njóta þau fríðunar sökum aldurs. Fríðlýsing er svo æðsta verndunarstigð sem minjavarslan hefur til vendar menningarminum og er fríðlýsing þinglýst sem kvöld á ákveðna fasteign. Í dag getur ráðherra einnig fríðlýst fornleifar, hús og mannvirki að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands, en tillaga þess efnis getur komið frá ráðherra, Minjastofnun Íslands, sveitarstjórnunum, hópi fólks eða einstaklingum. Til gamans má geta að í Djúpavogshreppi er töluverður fjöldi af fríðlýstum minjastöðum. Það eru tíu fríðlýstar fornleifar á sju jörðum. Þetta eru búðartóftir báðum megin við Búðará í Gautavík, Djáknadýs á Hálsi, Völuleiði og nausttöft á Flugustöðum, grjótrúst upp á Goðatindi hjá Höf, skálatöft á Múla, Papatöftir í Papey og tjaldsvæði Þangbrands, túngarðsbrot og töftarupphækkun á Þvotta. Í sveitarfélaginu eru svo sex fríðlýstar byggingar: Berufjarðarkirkja, gamla Djúpavogskirkjan, Faktorskus, Hofskirkja, Langabúð og Papeyarkirkja.

Djáknadýs er líffandi minjastöður að því leyti að fólk hefur tekið þátt í að mæta staðinn í gegnum tíðina. Lagðir hafa verið þrjú vegir um þetta svæði en allar veglínurnar hafa legið framhjá dýsinni. Staðurinn og saga hans lifir því enn í dag og á dýsin því möguleika á að gledja komandi kynslóðir en það er einmitt einn tilgangur minjavörslunnar – að skila menningararfi þjóðarinnar óspilltum til komandi kynslóða.

Þurður Elísa Harðardóttir, minjavörður Austurlands